

Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar, miðvikudaginn 30. nóvember 2011, í grunnskólanum á Þórshöfn.

Mætt: Arnfríður Aðalsteinsdóttir, Siggeir Stefánsson, Hlöðver Ingi Gunnarsson, Halldóra Friðbergsdóttir, Kristinn Lárusson, Vilborg Stefánsdóttir og Helgi Mar Árnason sem ritaði fundargerð. Ólöf Kristín Armundsdóttir og María Guðmundsdóttir tóku þátt í fundinum símleiðis.

#### Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra Barnabóls.

Skólastjóri fór yfir starfsemina:

- Gerðar hafa verið lagfæringar á girðingu umhverfis leikskólann, í því skyni að eyða „blindum“ svæðum.
- Unnið hefur verið að því að draga úr hávaðamengun í leikskólanum en hávaði er ennþá alltof mikill á Stekk. Samþykkt að skora á sveitarstjórn að finna lausn og ljúka verkinu á þessu ári.
- Á dögnum barst leikskólanum gjöf, 50 þúsund krónur, frá Sturlu Einarssyni, skipstjóra á Guðmundi VE, sem nýtt var til leikfangakaupa. eru honum færðar hinar bestu þakkir fyrir þessa rausnarlegu gjöf.

2. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn.

Skólastjóri fór yfir starfsemina:

- Gerð var úttekt á vegum menntamálaráðuneytisins á starfsemi skólans og er niðurstöðu að vænta innan skamms.
- Próf og prófundirbúningur hefst nú í byrjun desember.
- Dagur íslenskrar tungu var að þessu sinni helgaður Kristjáni frá Djúpalæk.

3. Skýrsla skólastjóra Tónlistarskólans á Þórshöfn.

Skólastjóri fór yfir starfsemina:

- Starfsemin var flutt úr Skonsunni í húsnæði þar sem Menntasetrið var áður. Flutningurinn hefur verið mjög til bóta fyrir starfsemi skólans.
- Jólatónleikar voru haldnir í Skeggjastaðakirkju 27. og verða haldnir í Þórshafnarkirkju 4. desember.

4. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Bakkafirði.

Skólastjóri fór yfir starfsemina:

- Dagur íslenskrar tungu var að þessu sinni helgaður Kristjáni frá Djúpalæk og Erni Arnars.
- Próf og prófundirbúningur er að hefjast.
- Í desember verður nemendum boðið upp á morgunmat.

5. Drög að reglum um innritun í grunnskóla Langanesbyggðar og skilgreining á skólahverfum.

Lögð fram til kynningar. Samþykkt að taka drögin til umfjöllunar á næsta fundi nefndarinnar.

6. Drög að reglum um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Lögð fram til kynningar. Samþykkt að taka drögin til umfjöllunar á næsta fundi nefndarinnar.

7. Kynnisferð í grunn- og leikskóla í nágrenni Langanesbyggðar.  
Stefnt er á að fara í ferðina í janúar.

8. Skólastefna Langanesbyggðar.

Nefnd sem vinnur að gerð skólastefnunnar stefnir á að skila af sér verkinu í apríl 2012.

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið.